

**FORSÆTISNEFND 27. FEBRÚAR 2026: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á 63.gr samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - MSS22080219**

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að breytingar verði gerðar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þannig að 63. gr. verði svohljóðandi:

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Sjö menn í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í stafrænt ráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðal- og varamenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðal- eða varamanna hvers framboðslista í borgarstjórn.